

## REGLUR

um breytingu á reglum nr. 502/2002 um val stúdentanna til BS-náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Fyrsta grein er ný, svohljóðandi:

Réttur stúdentanna til að halda áfram námi á vormisseri 1. árs fer eftir árangri í þeim námsgreinum sem kenndar voru á haustmisseri. Miðast sá árangur við að nemendur hljóti að lágmarki 6,0 í meðaleinkunn úr prófum í námskeiðum á haustmisseri fyrsta árs.

2. gr.

1. – 5. gr. verða 2. – 6. gr.

Fyrsti ml. 2. gr. (áður 1. gr.) breytist og verður svohljóðandi:

Ef þörf krefur, leggur hjúkrunarfræðideild fyrir háskólaráð rökstuddar tillögur um fjölda stúdentanna sem unnt er að taka til náms í hjúkrunarfræði.

Vísun til 1. gr. í 2. ml. 2. mgr. 3. gr. (áður 2. gr.) breytist í 2. gr.

3. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 127. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, taka þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 6. mars 2008.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*